

Bandalagi íslenskra listamanna og Íþróttabandalagi Reykjavíkur er heimilt að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa hvoru félagi um sig til setu á fundum menningar-, íþrotta- og tómstundaráðs með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúar BÍL og ÍBR skulu boðaðir á fundi ráðsins ef mikilvæg atriði varðandi málaflokka bandalaganna eru á dagskrá.